

3. fundur í faghóp um bættar starfsaðstæður í leikskóla 22. nóv 2018

Inga Fríða Tryggvadóttir, Ásgerður Kristjánsdóttir, Linda Björk Halldórsdóttir, Hulda Snæberg Hauksdóttir, Jenný D. Gunnarsdóttir, Fanney D. Halldórsdóttir

Fundurinn hófst á almennum umræðum varðandi bættar starfsaðstæður:

- Undirmönnun og þegar hún varir lengi hvað starfsfólk verður þreytt.
- Barngildisútreikningar, við þurfum að huga frekar að því að skoða aukin stöðugildi hvað varðar 4ra og 5 ára börnin. Síðasti starfshópur lét reikna hvað það kostaði að auka barngildin við þennan aldur og var fjárhæðin 55 milljónir.
- Rætt um vöxt leikskólans út frá því sem Reykjavíkurborg hefur sett í umræðuna um fjölgun leikskólaplássna. Mikilvægt að hægja á þessum vexti á meðan við reynum að auka fagmennsku og fagvitund og að meðvitund kjörinna fulltrúa sé einnig þar.
- Umræða um menntunarhlutfallið á leikskólunum: Linda var búin að fá tölurnar frá leikskólastjórunum
- Að faghópurinn komi með tillögur um leiðir til þess að hækka menntunarhlutfallið
- Hópurinn ræddi afleysingu almennt, þegar það eru mikil veikindi þá er sú afleysing sem er til ekki nægjanleg
- Linda er búin að fá tölurnar frá leikskólastjórunum um hve margir leikskólakennarar og þroskaþjálfar hafa farið í grunnskólann á síðustu 5 árum. Staðan er að það hafa 23 leikskólakennarar og 11 þroskaþjálfar farið yfir í grunnskólann.
- Við þurfum einnig að fá tölur frá Haraldi Eggertssyni til þess að átta sig einnig á því hversu margir grunnskólakennarar eru að vinna í leikskólunum.
- Rætt um að athuga við leikskólastjórana hvort þeir geti haft samband við þá aðila sem hafa farið í grunnskólann og senda þeim spurningalista um ástæðuna fyrir því.
- Rætt var um leikskólagjöldin út frá lengd visturnartíma: nú er verið að hækka afslættina enn frekar og ákveðin hætta fólgin í því að það sé hvati hjá foreldrum að lengja enn frekar visturnartímann þar sem það hefur ekki auka kostnað í för með sér. Það þarf að heyrast hærra um hag barnsins í þessu samhengi. Fullorðnir eru að vinna 40 stunda vinnuviku en börn jafnvel 45 stundir.
- Hópurinn ræddi um heilsuefandi samfélag út frá leikskólanum margt sem gæti stutt við þar ss. Vinnutími og fl. Út frá því var rætt um veikindi starfsmanna, hvað er það í heilsuefandi samfélagi sem gæti stutt við það að fækka veikindadögum. Dæmi eru um að starfsmenn sem eiga langa daga eru frekar veikir þá daga en þegar þeir eiga stutta daga/vikur.
- Sveigjanleiki í starfi, hópurinn er sammála um að það sé afar misjafnar þarfir hjá starfsfólki hvað varðar sveigjanleika vinnutíma, mismunandi viðhorf hjá eldra starfsfólki og svo yngra, ólíkir hópar. Væru 2 tímar á viku í sveigjanleika eitthvað sem starfsfólki gæti hugnast?
- Að spyrja starfsfólk hvað er það í þínu starfsumhverfi sem myndi leysa álag, væri það – útbúa spurningar og nefna upp ákveðin atriði ef ekkert er valið (annað)
- Jenný heyrir í Ingibjörgu hjá Rvík.borg varðandi miðlægru afleysingu



HAFNARFJÖRÐUR

- Í mars þurfum við að vera komnar með tillögur að úrbótum tillögur um fleiri starfsmenn færri börn, sveiganlegan vinnutíma og fl og vera með kostnaðargreiningu í viðauka.
 - Væri sveigjanleiki á vinnustað hvati til mætinga.
 - Dæmi með pottinn hefur þurft tíma til að láta hann kikka inn og núna loks er það að gerast.
1. Spurningalisti í vinnustaðgreiningu/hverjir eru álagsþættirnir (að bæta starfsumhverfið) sveigjanlegri vinnutími, álagsgreiðslur/ orlof,
 2. Innra skipulag deilda/ aldursamsetning hvaða fyrirkomulag er álagsminnst og hvað er álagsmest út frá þessum faktorum.

Fundi slitið 12.45